

FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 17 nóvember 2010 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8⁰⁰ á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Péturína L. Jakobsdóttir, Jón Ólafur Sigurjónsson, Jensína Lýðsdóttir og Magnús B. Jónsson

Adolf H. Berndsen oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Endurskoðun fjárhagsáætlunar 2010

Fyrir fundinum lá tillaga að endurskoðaðri áætlun ársins. Talsverð breyting er lögð til bæði vegna nýrra ákvarðana sem teknar hafa verið og varða fjárhag ársins og vegna breytinga á forsendum í rekstri og tekjum sveitarfélagsins. Umræður urðu um endurskoðun áætlunar en hún var síðan samþykkt. Niðurstaða rekstraráætlunar samstæðu er neikvæð um 7.398 þús en var jákvæð um 2.598 þús. í áður samþykktari áætlun 2010.

2. Frístundakort

Fyrir fundinum lá svohljóðandi tillaga: „*Sveitarstjórn samþykkir að bjóða frístundakort sem nemi allt að 15 þúsund króna styrk fyrir hvert grunnskólabarn sem tekur þátt í íþróttum og æskulýðsstarfi. Ákvörðun um frístundakort gildir frá 1. september 2010 til 31. ágúst 2011. Frístundakortin ná til starfsemi íþróttafélaga auk hverskonar skipulagðs félags- og tómsundastarfs sem stendur í sex vikur eða lengur og greitt er fyrir með þátttökugjaldi. Þar að auki gildir kortið fyrir aðra tómsundaiðkun, s.s. tónlistar- og listnám. Síðasti greiðsludagur vegna tímabilsins er 15. september 2011“*

Tillagan var samþykkt samhljóða.

3. Bréf:

- a) Snorraverkefnisins, dags. 8. nóvember 2010
Með bréfinu er óskað eftir stuðningi við verkefnið í formi fjárstuðnings eða með starfspjálfun þátttakanda frá Kanada eða BNA. Ekki var vilji til að leggja fjármuni til verkefnisins.
- b) Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 8. nóvember 2010
Bréfið fjallar um framhald verkefnis um hagsmunagæslu í úrgangsmálum og leitað eftir afstöðu samstarfsaðila til að áframhald verði á verkefninu næstu þrjú árin. Sveitarstjórn samþykkti að beina því til samstarfsaðila um rekstur Norðurár bs að byggðasamlagið verði málsvari aðildarsveitarfélaga gagnvart verkefninu.
- c) Stígamóta, dags. 1. nóvember 2010
Með bréfinu er óskað eftir stuðningi við rekstur Stígamóta. Meðfylgjandi erindinu var fjárhagsáætlun samtakanna fyrir árið 2011. Erindinu var hafnað.

Sveitarstjórn Skagastrandar
Fundargerðir

- d) Kvenfélagsins Einingar, dags. 1. nóvember 2010
Með bréfinu er óskað eftir samstarfi við félagsheimilið um einstaka viðburði. Sveitarstjóra falið að ræða við forsvarsmenn kvenfélagsins um málið.
- e) Lyfjastofnunar, dags. 6. október 2010
Með bréfinu leitar Lyfjastofnun eftir umsögn sveitarstjórnar á leyfi fyrir nýju húsnæði fyrir lyfjaútibú í heilsugæslustöðinni Ægisgrund 16. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við veitingu lyfsöluleyfis í húsnæðinu.
- f) USAH, dags. 4. október 2010
Með bréfinu óskar USAH eftir styrk frá sveitarfélaginu fyrir árið 2011 og þakkar stuðning á liðnum árum. Erindinu var vísað til gerðar fjárhagsáætlunar 2011.
- g) EBÍ, dags. 12. október 2010
Með bréfinu er tilkynnt um að ágóðahlutagreiðsla Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands fyrir árið 2010 verði 2.190.000 kr. Bréfið var til kynningar.
- h) SSNV, 20. október 2010
Með vísan til samþykktar á ársþingi SSNV 2010 er með bréfinu óskað eftir að sveitarfélagið tilnefni einn aðalmann og einn varamann í starfshóp sem skoði valkosti varðandi sameiningu sveitarfélaga á Norðurlandi vestra. Samþykkt að tilnefna Adolf H. Berndsen og Halldór G. Ólafsson til vara.
- i) SSNV, 20. október 2010
Með bréfinu er tilkynnt um afgreiðslu á erindi sveitarfélagsins vegna jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Bréfið var til kynningar.

4. Fundargerðir:

- a) Fræðslunefndar, 18.10.2010
Umræður urðu um lið 2 þar sem fjallað er um gjaldskrá leikskóla og námsmannafslátt. Samþykkt að vísa ákvörðunum um gjaldskrármál til gerðar fjárhagsáætlunar 2011. Fundargerðin var samþykkt að öðru leyti.
- b) Tómstunda og menningarmálanefndar, 4.10.2010
Fundargerðin var samþykkt.
- c) Stjórnar Tónlistarskóla A-Hún, 28.10.2010

Sveitarstjórn Skagastrandar
Fundargerðir

Meðfylgjandi fundargerðinni var endurskoðuð fjárhagsáætlun fyrir 2010. Samkvæmt henni lækka gjöld ársins sem nemur framlagi eins mánaðar. Tekjur ársins 2010 verða því 40.590.000 en gjöld 45.687.000. Einnig voru kynnt drög að fjárhagsáætlun fyrir 2011. Samkvæmt henni verða tekjur ársins 46.090.000 en gjöld verða 46.031.000. Sveitarstjórn samþykkti að óska eftir að stjórn byggðasamlagsins endurskoði fjárhagsáætlun 2011 og leiti leiða til lækkunar á rekstrarkostnaði næsta árs. Fundargerðin var að öðru leyti til kynningar.

- d) Menningarráðs Norðurlands vestra, 20.10.2010
Fundargerðin var til kynningar
- e) Stjórnar Félags- og skólaþjónustu A-Hún, 21.10.2010
Fundargerðin var til kynningar
- f) Stjórnar Byggðasamlags um menningu og atvinnumál, 11.10.2010
Fundargerðin var til kynningar
- g) Stjórnar Norðurár bs. 6.09.2010
Fundargerðin var til kynningar
- h) Stjórnar Norðurár bs. 19.10.2010
Fundargerðin var til kynningar
- i) Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra, 27.10.2010
Fundargerðin var til kynningar
- j) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 22.09.2010
Fundargerðin var til kynningar
- k) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 29.09.2010
Fundargerðin var til kynningar
- l) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 13.10.2010
Fundargerðin var til kynningar
- m) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 29.10.2010
Fundargerðin var til kynningar

5. Önnur mál

- a) Umræður urðu um snjómokstur og hvaða reglur gildi um hann.
- b) Samþykkt að næsti fundur sveitarstjórnar verði 8. desember.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 12¹⁰

Adolf H. Berndsen

Halldór G. Ólafsson

Péturína L. Jakobsdóttir

Jón Ólafur Sigurjónsson

Jensína Lýðsdóttir

Magnús B. Jónsson